



Alþingi
Erindi nr. P 130/1223
komudagur 4.3.2003

Menntamálanefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum. 130. löggjafarþing 2003-2004. (þskj.12-12. mál.)

Ég fagna vel flestum tillögum um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum. Ekki veitir af að þær komi fram, en það þarf að vera náið samband milli orða og athafna, loforða og efnda, vilja og getu og síðast en ekki síst greiningar á vandamáli og úrlausnar þess.

Þó að greinargerð tillögunnar sé í mörgum atriðum upplýsandi og glögg, legg ég til að eftirfarandi setningarhlutar verði endurskoðaðir:

1. "gömlu skilin milli bóknáms og verknáms máist út". Þar er full sterkt tekið til orða, þótt ugglaut megi álykta að fyrir höfundum vaki gott eitt.
2. Orðalag er nokkuð ónákvæmt í annarri málsgrein þar sem segir: *„stærsti hluti vinnuafslins er annaðhvort með háskólamenntun eða grunnskólmenntun.“* Ljóst er að á vinnumarkað vantar fólk með millimenntun.
3. Í kaflanum *“Minnkandi aðsókn-skortur á iðnarðarmönnum”* segir:..... *að mestu leyti er hætt að kenna verklegar greinar á landsbyggðinni.* Vissulega hefur dregið verulega úr framboði verklegs náms á landsbyggðinni, þó er enn haldið uppi nokkrum greinum. Sérstaklega hefur ólánsamlega tekist til með námskrágerð sem með ýmsum smíðagöllum gerir minni skólum landsbyggðarinnar erfitt um vik að sinna kennslu. Nýlegasta dæmi um þetta er námskrá mannvirkja- og byggingagreina sem ég álit fara á skjön við heilbrigða skynsemi með kröfum um, svo dæmi sé tekið, að skylda nemendur í húsasmíði til að læra um aðrar greinar eins og pípulagnir, dúkalagnir, múrsmíði og fleira í heila önn með óbærilegum tilkostnaði fyrir suma framhaldsskóla sem hvorki kenna þessar greinar né hafa aðstöðu fyrir þær.
4. Í kaflanum *“Vandinn í reiknilíkaninu”* segir: *“Fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur sínar í reiknilíkani...”*. Ekki er það rétt, því reiknilíkanið sjálft er tæki sem unnt er að þróa betur en nú er gert og aðlaga að góðum vilja Alþingis og stjórnvalda. Alþingi er að vísu illa í stakk búið til að móta það þar sem ekki liggur fyrir vönduð lýsing á því á íslensku máli, lið fyrir lið, eins og nauðsyn er á. Ég hef itrekað bent á að það standi frekari þróunarvinnu við reiknilíkan fyrir þrifum að hvorki sveitarstjórnarmenn né alþingismenn hafi möguleika til að setja sig inn í málið í ljósi þess þukurs sem fram fer um innri gerð reiknilíkans. Ég þekki dæmi um að fjárveitingar til verknáms hafi verið auknar í reiknilíkani á kostnað bóknáms án þess að heildarfjárveiting til skólakerfisins hafi verið aukin. Afleiðingar þess urðu að ótiltekinn skóli á landsbyggðinni átti erfiðara með rekstur eftir breytingarnar þar sem umfang verknámsins var minna en bóknáms og skólinn fékk lægri fjárveitingu þess vegna. Hið rétta er.....*að fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur sínar á Alþingi...*

Sauðárkróki 3. mars 2004



Jón F. Hjartarson, skólameistari
Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

